

Aðalfundur Félags um Fötlunarrannsóknir - Fundargerð

Haldinn á Grand hótél – Reykjavík 11. nóvember 2016 kl. 15.15-16.00

Hanna Björg Sigurjónsdóttir formaður félagsins setti fundinn og bauð félagsmenn velkomna. Síðan hófst fundur samkvæmt dagskrá aðalfundar.

1. *Kosning fundarstjóra og fundarritara.* Ragnar Gunnar Þórhallsson var kosinn fundarstjóri og tók við stjórn fundarins. Guðrún V. Stefánsdóttir var kosin fundarritari.
2. *Skírsla stjórnar.* Hanna Björg Sigurjónsdóttir formaður flutti skírslu stjórnar. Engin umræða varð um skírsluna og hún samþykkt samhljóða.
3. *Reikningar félagsins.* Snæfríður Þóra Egilson gjaldkeri kynnti reikninga félagsins sem voru fyrir árin 2015 og 2016. Þeir voru samþykktir samhljóða.
4. *Ákvörðun félagsgjalda.* Borin fram tillaga um óbreytt félagsgjöld, þ.e. engin. Tillagan var samþykkt samhljóða.
5. *Lagabreytingar.* Engar tillögur höfðu borist um þennan lið.
6. og 7. *Kosning formanns og sex stjórnarmanna.* Rannveig Traustadóttir fulltrúi í kjörnefnd lagði fram tillögur nefndarinnar um stjórnarmenn og voru þær samþykktar samhljóða. Í stjórn voru kjörin:

Hanna Björg Sigurjónsdóttir, prófessor við Háskóla Íslands, formaður.

Aðrir stjórnarmenn kjörnir:

Alma Ýr Ingólfssdóttir, verkefnastjóri, Bryndís Snæbjörnsdóttir, formaður

Landssamtakanna Þroskahjálpar, Eva Þórdís Ebenezersdóttir, verkefnastjóri í Háskóla Íslands, Guðrún V. Stefánsdóttir, dósent við Háskóla Íslands, Rúnar Björn Þorkelsson, formaður NPA, Stefan Hardonk lektor? við Háskóla Íslands.

Úr stjórn gengu Snæfríður Þóra Egilson, Bergvin Oddsson, Birna Bergsdóttir og Ólafur Snævar Aðalsteinsson. Þau gáfu ekki kost á sér áfram.

Kjörnefnd skipuðu Rannveig Traustadóttir og Hrefna Óskarsdóttir.

7. *Kosnir voru tveir skoðunarmenn reikninga:* Guðríður Ólafsdóttir og Vilhjálmur Bjarnason.
8. *Undir liðnum önnur mál.* Formaður félagsins, Hanna Björg Sigurjónsdóttir bauð nýja stjórn velkomna og þakkaði þeim sem hættu í stjórn fyrir vel unnin störf og ánægjulegt samstarf. Fundarmenn lýstu yfir ánægju sinni með ráðstefnu dagsins, *Daglegt líf og fötlun.*

Dagskrá tæmd og fundi slitið kl. 16.00.

Guðrún V. Stefánsdóttir, ritari.